



Fréttatilkynning frá Össuri hf.
Reykjavík, 28. júlí 2009

Helstu niðurstöður fyrir annan ársfjórðung 2009

- Sala var 81,3 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 3% mælt í staðbundinni mynt, eða 12% í USD
- EBITDA var 17,0 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 11%
- EBITDA hlutfall var 21%, sem er sama hlutfall og fyrir sama tímabil í fyrra
- Hagnaður tímabilsins var 3,5 milljónir Bandaríkjadala, samanborið við 3,9 milljónir á sama tímabili árið 2008
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttta var 0,83 bandarísk sent, samanborið við 0,93 sent á sama tímabili í fyrra
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut, að teknu tilliti til kaupréttta, var 3,2 bandarísk sent, samanborið við 2,4 á sama tímabili í fyrra

Helstu niðurstöður fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2009

- Sala var 158,5 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 3% mælt í staðbundinni mynt, eða 12% í USD
- EBITDA var 29,8 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 29%
- EBITDA hlutfall var 19%, samanborið við 23% á sama tímabili í fyrra
- Hagnaður tímabilsins var 11,1 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 10,6 milljónir á sama tímabili árið 2008
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttta var 6,84 bandarísk sent, jókst um 45%
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut, að teknu tilliti til kaupréttta, var 11,92 bandarísk sent, jókst um 21%

Jón Sigurðsson, forstjóri:

„Efnahagsþrengingar á öllum okkar helstu mörkuðum hafa haft áhrif á sölu og viðskiptavinir okkar fara varfærnislega vegna óvissu um ástandið. Samningar við suma birgja í Evrópu hafa ekki verið endurnýjaðir sem hefur tímabundið neikvæð áhrif á sölu í Evrópu en ekki arðsemi. Skýr stefna í sölu og markaðsmálum í Bandaríkjunum gefur von um jákvæða þróun. Ný útgáfa af rafeindastýrða hnénu RHEO KNEE II sem og staðfesting á að rafeindastýrði fóturinn PROPRIO FOOT hafi verið samþykktur inn í endurgreiðslukerfið í Bandaríkjunum eru mikilvægir áfangar fyrir framtíð bionic vörulínunnar.“



Össur hf. kynnis afkomu fyrir annan ársfjórðung, þriðjudaginn 28. júlí kl. 12:00

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn 28. júlí í höfuðstöðvum félagsins, að Grjóthálsi 5, Reykjavík og hefst kl. 12:00. Þar munu Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Fundurinn fer fram á ensku.

Sýnt verður beint frá fundinum á netinu, á slóðinni www.ossur.com/investors

Einnig verður hægt að taka þátt í fundinum í síma. Eftirfarandi eru innhringinúmer fyrir fundinn:

Ísland: **800-8857**

Evrópa: + 44 (0) 208 817 9301

Bandaríkin: +1 718 354 1226

Kynningarefni verður aðgengilegt á heimasíðu Össurar: www.ossur.com, fréttavef Kauphallarinnar Nasdaq OMX: <http://nasdaqomxnordic.com/Frettir> og á www.huginonline.com

Þróun á mörkuðum

Á fyrstu sex mánuðum ársins hafa efnahagsþrengingar haft áhrif á sölu félagsins. Áhrifin eru mismunandi eftir mörkuðum, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Í Bandaríkjunum hafa þrengingarnar einkum haft áhrif á sölu á stoðtækjum í fylkjum þar sem atvinnuleysi er mikið, sérstaklega í norðaustur hluta Bandaríkjanna. Sala á spelkum og stuðningsvörum hefur í auknum mæli færst yfir á fjöldaframleiddar vörur í stað sérgerðra vara.

Í Evrópu eru áhrifin einnig mismunandi eftir landsvæðum. Í Bretlandi er hluti af vörunum seldur í gegnum þjónustumiðstöðvar félagsins og er ekki endurgreiddur af endurgreiðslukerfum. Þessi hluti sölunnar í Bretlandi hefur dregist töluvert saman. Í Frakklandi eru áhrifin almennt í öllum vöruflokkum. Viðskiptavinir fara varlega, pantanir eru smærri til þess að halda birgðum í lágmarki vegna óvissu. Í suður Evrópu, hefur ástandið helst haft áhrif á Spán þar sem hluti af sölunni fer ekki í gegnum endurgreiðslukerfin. Efnahagsþrengingar hafa einnig haft áhrif á aðra markaði í Evrópu, en þó í mun minna mæli.

Í Asíu hafa einnig sumir markaðir fundið meira fyrir efnahagsþrengingunum en aðrir. Sérstaklega hefur ástandið haft áhrif í Kóreu. Helstu markaðir og vöruflokkar í Asíu hafa sýnt góðan vöxt.

Rekstrarhorfur fyrir árið 2009

Eftirfarandi er áætlun stjórnenda um sölu og EBITDA fyrir rekstrarárið:

- Sala 310-320 milljónir Bandaríkjadala
- EBITDA 58-62 milljónir Bandaríkjadala
- EBITDA hlutfall 18-19%

Rekstrarniðurstöður fyrir annan ársfjórðung 2009

Eftirfarandi eru helstu rekstrarniðurstöður fyrir annan ársfjórðung árið 2009

Rekstrarreikningur 2009 (USD '000)	Q2 2009	% af sölu	Q2 2008	% af sölu	Breyting
Sala	81.345	100,0%	92.055	100,0%	-11,6%
Kostnaðarverð seldra vara	(31.284)	-38,5%	(35.656)	-38,7%	-12,3%
Framlegð	50.061	61,5%	56.399	61,3%	-11,2%
Aðrar rekstrartekjur	120	0,1%	1.264	1,4%	-90,5%
Sölu- og markaðskostnaður	(23.105)	-28,4%	(25.540)	-27,7%	-9,5%
Þróunarkostnaður	(4.813)	-5,9%	(5.379)	-5,8%	-10,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(10.490)	-12,9%	(14.000)	-15,2%	-25,1%

Rekstrarhagnaður	11.774	14,5%	12.744	13,8%	-7,6%
Fjármunatekjur	70	0,1%	105	0,1%	-33,3%
Fjármagnsgjöld	(7.416)	-9,1%	(5.200)	-5,6%	42,6%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.428	5,4%	7.649	8,3%	-42,1%
Tekjuskattur	(927)	-1,1%	(3.705)	-4,0%	-75,0%
Hagnaður tímabilsins	3.501	4,3%	3.944	4,3%	-11,2%
EBITDA	16.961	20,9%	19.038	20,7%	-10,9%
EBITDA leiðrétt*	17.930	22,0%	19.238	20,7%	-6,8%

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Ath: Eins og tilkynnt var í ársuppgjöri félagsins verður flutningskostnaður framvegis skilgreindur sem sölu- og markaðskostnaður í stað sölu og/eða kostnaðarverðs seldra vara.

Rekstrarreikningur fyrir annan ársfjórðung 2009

Sala fjórðungsins var 81,3 milljónir Bandaríkjadala, samanborið við 92,0 milljónir Bandaríkjadala á sama tímabili í fyrra. Neikvæð gengisáhrif höfðu töluverð áhrif á sölu og námu 7,7 milljónum Bandaríkjadala. Salan dróst saman um 12% mælt í Bandaríkjadöllum, en 3% mælt í staðbundinni mynt. Viðskiptavinir fara sér hægt vegna óvissu og efnahagsþrenginga. Samningar við suma birgja í Evrópu hafa ekki verið endurnýjaðir sem hefur tímabundið neikvæð áhrif á sölu á spelkum og stuðningsvörum. Nýtt sölufyrirkomulag í Bandaríkjunum hefur einnig áhrif á söluna.

Framlegð var 50,1 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 56,4 milljónir árið á undan og dregst saman um 11%. Að undanskildum gengisáhrifum og óvenjulegum birgðaniðurfærslum vegna óendurnýjaðra samninga við birgja í Evrópu, helst hlutfallið óbreytt.

Aðrar rekstrartekjur námu 120 þúsund Bandaríkjadöllum, samanborið við 1,3 milljónir dala á sama ársfjórðungi í fyrra. Undir liðnum aðrar rekstrartekjur á ársfjórðungnum í fyrra er 1 milljón dala vegna sölu á sáraumbúðavörulínu félagsins.

Kostnaðarliðir sem hlutfall af sölu voru 47%, samanborið við 49% á öðrum ársfjórðungi 2008. Að undanskildum gengisáhrifum lækkuðu kostnaðarliðirnir um 1,4 milljónir Bandaríkjadala, eða um 3 prósentustig.

Rekstrarhagnaður nam 11,8 milljónum Bandaríkjadala, sem er 14% af sölu, samanborið við 12,7 milljónir og 14% af sölu á öðrum fjórðungi 2008.

Afskriftir óefnislegra eigna námu 3,2 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 4,0 milljónir dala á sama tímabili 2008. Afskriftir eru í samræmi við reikningsskilastaðla og hafa áhrif á rekstrarreikning þó svo að undirliggjandi eignir geti haldið verðgildi sínu.

Nettó fjármagnsgjöld á öðrum ársfjórðungi námu 7,3 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 5,1 milljón dala árið 2008. Gengisþróun evru gagnvart Bandaríkjadala voru neikvæð sem nemur 4,5 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 500 þúsund dali á sama tímabili í fyrra. Gengisáhrifin eru einkum vegna evruhluta langtímalána félagsins. Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar voru á fjórðungnum.

Tekjuskattur nam 900 þúsundum Bandaríkjadala sem er 21% virkt skatthlutfall samanborið við 3,7 milljónir dala og 48% virkt skatthlutfall á sama tímabili árið á undan. Tekjuskattur á öðrum ársfjórðungi 2008 var óvenju hár vegna niðurfærslu á tekjuskattsinnæign vegna lækkunar á skatthlutfalli á Íslandi og í Þýskalandi.

Hagnaður tímabilsins nam 3,5 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 3,9 milljónir Bandaríkjadala á sama tímabili 2008.

EBITDA nam 16,9 milljónum Bandaríkjadala eða 21% af sölu, samanborið við 19,0 milljónir dala og 21% af sölu á sama ársfjórðungi í fyrra. EBITDA leiðrétt nam 17,9 milljónum dala og 22% af sölu á öðrum ársfjórðungi 2009. Einskiptiskostnaður 2009 nam 638 þúsundum dala, þar á meðal eru starfslokagreiðslur. Á öðrum ársfjórðungi 2008 jöfnuðust einskiptistekjur og einskiptisgjöld að mestu á móti hvort öðru.

Vörflokkar

Skipting sölu milli vörflokka var þessi:

USD `000	Q2 2009	% af sölu	Vöxtur í USD	Vöxtur í staðb. mynt
----------	---------	-----------	--------------	----------------------

Stuðningsvörur	40,265	49%	-14%	-6%
Stoðtæki	36,416	45%	-6%	2%
Blóðrásarmeðferðir	4,082	5%	-23%	-12%
Annað	582	1%	-53%	-47%
Samtals	81,345	100%	-12%	-3%
Meðal söluvöxtur pr. dag			-9%	-1%

Spelkur og stuðningsvörur

Sala á spelkum og stuðningsvörum dróst saman um 14%. Sala mæld í staðbundinni mynt dróst saman um 6%. Samningar við birgja sem ekki hafa verið endurnýjaðir hafa áhrif á sölu á spelkum og stuðningsvörum á fjórðungnum. Nýtt sölufrirkomulag í Bandaríkjunum hefur ekki skilað sér að fullu, en fjölgun á solumönnum og gefur von um jákvæða þróun.

Á fjórðungnum voru tvær nýjar vörur kynntar á markaðnum, Unloader One® Short og notkun Sensil á Unloader. Unloader One® Short er minni en venjuleg Unloader One slitigtarspelka, sem minnkar verki og eykur hreyfigetu. Notkun Sensil á Unloader gefur aukin sveigjanleika og betri snúningstjórnun á spelkunni sem gefur aukna virkni.

Stoðtæki

Sala á stoðtækjum dróst saman um 6%. Sala mæld í staðbundinni mynt jókst um 2%. Efnahagsþrengingar hafa haft áhrif á sölu. Ný útgáfa af rafeindastýrða RHEO hnenu, RHEO KNEE II hefur verið kynnt á markaðnum til valdra viðskiptavina, og verður markaðssett að fullu á síðari hluta ársins. Á fjórðungnum var rafeindastýrði fóturinn PROPRIO FOOT samþykktur inn í endurgreiðsluferð í Bandaríkjunum, og mun taka gildi frá og með næstu áramótum.

Tvær nýjar vörur voru kynntar á fjórðungnum, Iceross Cushion (hulsa) ásamt Iceross Sleeve (hlíf) og Vari-Flex EVO ökkli. Iceross Cushion og Iceross Sleeve voru kynntar samhliða sem heildarlausn. Bylgjur eru á bæði hulsunni og hlífinni sem auka hreyfanleika og þægindi. Vari-Flex hefur verið endurbættur hvað varðar tækni og notagildi. Fóturinn hefur nú EVO tækni (Energy Vector Optimization) sem gerir göngulagið mýkra.

Vörur fyrir blóðrásarmeðferðir

Sala á vörum til nota við blóðrásarmeðferðir dróst saman um 23%. Sala mæld í staðbundinni mynt, dróst saman um 12%.

Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

USD '000	Q2 2009	% af sölu	Vöxtur USD	Vöxtur í staðb. mynt
Ameríka	39,218	48%	1%	1%
EMEA	38,965	48%	-21%	-7%
Asía	3,160	4%	-4%	2%
Samtals	81,345	100%	-12%	-3%

Ameríka

Sala jókst um 1% hjá Ossur Americas bæði mælt í Bandaríkjadöllum og staðbundinni mynt. Söluvöxtur á stoðtækjum jafnast út vegna samdráttar í spelkum og stuðningsvörum. Efnahagsþrengingar hafa einkum haft áhrif á sölu á stoðtækjum í fylkjum þar sem atvinnuleysi er mikið, sérstaklega í norðaustur hluta Bandaríkjanna. Sala á spelkum og stuðningsvörum hefur færst í auknum mæli yfir á fjöldaframliddar vörur í stað sérgerðra vara.

Salan í Bandaríkjunum nam 48% af heildarsölu, samanborið við 43% á öðrum ársfjórðungi 2008.

Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka (EMEA)

Sala í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku dróst saman um 21% og 7% mælt í staðbundinni mynt. Gibaud hefur ekki neikvæð áhrif á vöxt EMEA á þessum ársfjórðungi. Efnahagsþrengingar hafa áhrif á sölu, en mismikið eftir markaðssvæðum. Í Bretlandi hefur sala í gegnum þjónustustöðvar dregist töluvert saman. Öndurnýjaðir samningar við birgja hafa tímabundið neikvæð áhrif á sölu, en ekki á arðsemi.

Sala Ossur EMEA nam 48% af heildarsölu, samanborið við 54% á öðrum fjórðungi 2008.

Asía

Sala í Asíu dróst saman um 4% mælt í Bandaríkjadöllum en jókst um 2%, mælt í staðbundinni mynt. Efnahagsástandið hefur haft áhrif á sumum mörkuðum, þá sérstaklega í Kóreu. Helstu markaðir, eins og Ástralía, Japan og Kína hafa sýnt góðan vöxt.

Í júní skrifaði Össur Asia undir samkomulag við Stand TALL góðgerðarsamtökin um að útvega hágæða stoðtæki til fórnarlamba jarðskjálftans í Sichuan. Að auki mun Össur aðstoða við þjálfun á starfsfólki hjá Sichuan Hong Kong endurhæfingarstöðinni í Chengdu í Kína.

Sala í Asíu nam 4% af heildarsölunni, samanborið við 3% á öðrum fjórðungi 2008.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur (USD '000)	30. júní 2009	31. des. 2008	% Breyting
Fastafjármunir	457,563	458,046	0%
Veltufjármunir	141,316	145,732	-3%
Eignir samtals	598,879	603,778	-1%
Eigið fé	264,727	249,648	6%
Langtímaskuldir	258,820	223,242	16%
Skammtímaskuldir	75,332	130,888	-42%
Eigið fé og skuldir samtals	598,879	603,778	-1%
Veltufjárhlutfall	1,9	1,1	
Eiginfjárhlutfall	44%	41%	
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	3,2	2,9	

Eiginfjárhlutfall í lok fjórðungsins var 44%, samanborið við 41% í árslok 2008. Nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA voru 3,2x í lok tímabilsins. Fjárhagslegur styrkur Össurar er góður og í takt við stefnu félagsins.

Langtímafjármögnun félagsins hefur verið tryggð á hagstæðum kjörum, en endurfjármögnun lána lauk í febrúar.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi (USD '000)	Q2 2009	% af sölu	Q2 2008	% af sölu
Hreint veltufé frá rekstri	12.427	15%	13.352	14%
Handbært fé frá rekstri	17.323	21%	7.376	8%

Hreint veltufé frá rekstri dróst saman um 7%. Handbært fé frá rekstri jókst um 135% milli ára.

Fjárfestingar í fastafjármunum námu 2,2 milljónum Bandaríkjadala sem jafngildir 2,7% af sölu, samanborið við 2,2 milljónir og 2,4% af sölu á öðrum ársfjórðungi 2008.

Handbært fé í lok tímabilsins 36 milljónum dala, samanborið við 11 milljónir á öðrum ársfjórðungi 2008. Í lok fjórðungsins var dregið á lánalínu félagsins sem nemur 9,7 milljónum dala, sem er óbreytt frá fyrsta ársfjórðungi 2009.

Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut	Q2 2009	Q2 2008	Breyting
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	0,83	0,93	-11%
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	3,20	2,40	33%

Samanburður fimm ársfjórðunga

Samanburður sl. fimm ársfjórðunga (USD '000)	Q2 2009	Q1 2009	Q4 2008	Q3 2008	Q2 2008
Sala	81.345	77.180	79.440	86.470	92.055
Framlegð	50.061	47.025	49.011	53.709	56.399
Rekstrarhagnaður	11.774	7.849	10.815	15.358	12.744
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	(7.346)	1.897	(5.969)	2.382	(5.095)

Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.428	9.746	4.846	17.740	7.649
Hagnaður tímabilsins	3.501	7.573	4.171	13.689	3.944
EBITDA	16.961	12.865	16.324	21.128	19.038
EBITDA leiðrétt*	17.930	13.593	16.847	19.112	19.238
Framlegð sem hlutfall af sölu	62%	61%	62%	62%	61%
EBITDA sem hlutfall af sölu	21%	17%	21%	24%	21%
EBITDA leiðrétt* sem hlutfall af sölu	22%	18%	21%	22%	21%
Eigið fé	264.727	247.050	249.648	264.383	268.931
Heildareignir	598.879	581.592	603.778	614.944	645.924
Veltufjárlutfall	1,9	1,8	1,1	1,1	1,1
Eiginfjárlutfall	44%	42%	41%	43%	42%
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán.	3,2	3,2	2,9	3,2	3,5
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán. leiðrétt*	3,1	3,3	3,3	3,7	4,3
Veltufé frá rekstri	12.427	9.007	7.877	17.336	13.352
Handbært fé frá rekstri	17.323	7.003	19.372	11.809	7.376
Hagnaður á hlut (bandarísk sent)	0,83	1,79	0,99	3,24	0,93
Hagnaður á hlut að viðbættum afskriftum (bandarísk sent)	3,20	2,98	2,29	4,60	2,42
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	115,5	89,7	99,8	93,8	93,4
Markaðsvirði í lok tímabils í milljónum dala	385	310	349	391	498

*Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði og einskiptistekjum

Rekstrarreikningur fyrstu sex mánuði ársins 2009

Rekstrarreikningur 2009 (USD '000)	Jan-júní 2009	% af sölu	Jan-júní 2008	% af sölu	Breyting
Sala	158.525	100,0%	180.925	100,0%	-12,4%
Kostnaðarverð seldra vara	(61.439)	-38,8%	(69.442)	-38,4%	-11,5%
Framlegð	97.086	61,2%	111.483	61,6%	-12,9%
Aðrar rekstrartekjur	347	0,2%	7.003	3,9%	-95,0%
Sölu- og markaðskostnaður	(47.168)	-29,8%	(50.946)	-28,2%	-7,4%
Þróunarkostnaður	(9.778)	-6,2%	(10.803)	-6,0%	-9,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(20.865)	-13,2%	(26.952)	-14,9%	-22,6%
Rekstrarhagnaður	19.622	12,4%	29.785	16,5%	-34,1%
Fjármunatekjur	873	0,6%	198	0,2%	340,9%
Fjármagnsgjöld	(6.322)	-4,0%	(14.336)	-7,9%	-55,9%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	14.173	8,9%	15.647	8,6%	-9,4%
Tekjuskattur	(3.100)	-2,0%	(5.019)	-2,8%	-38,2%
Hagnaður tímabilsins	11.073	7,0%	10.628	5,9%	4,2%
EBITDA	29.823	18,8%	41.988	23,2%	-29,0%
EBITDA leiðrétt*	31.520	19,9%	36.674	20,3%	-14,1%

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Sala fyrstu sex mánuði ársins var 158,5 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 12%, eða 3% mælt í staðbundinni mynt borið saman við sama tímabil 2008. Neikvæð gengisáhrif á sölu voru töluverð og námu 16,6 milljónum Bandaríkjadala.

Sala í Ameríku á fyrstu sex mánuðum ársins dróst saman um 4% og 3% mælt í staðbundinni mynt. Sala EMEA dróst saman um 20% og 4% mælt í staðbundinni mynt. Sala í Asíu stóð í stað en jókst um 6% mælt í staðbundinni mynt.

Framlegð var 97,1 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 111,5 milljónir árið á undan og dróst saman um 13%. Að undanskildum gengisáhrifum helst hlutfallið svipað.

Aðrar rekstrartekjur námu 347 þúsund Bandaríkjadöllum, samanborið við 7,0 milljónir dala á sama tímabili í fyrra. Undir liðnum aðrar rekstrartekjur á tímabilinu í fyrra eru 6,5 milljónir dala vegna sölu á sáraumbúðavörulínu félagsins.

Kostnaðarliðir sem hlutfall af sölu voru 49% og stenda í stað milli ára. Að undanskildum gengisáhrifum lækkuðu kostnaðarliðirnir um 1,3 milljónir Bandaríkjadala, eða um 1,5 prósentustig.

Rekstrarhagnaður nam 19,6 milljónum Bandaríkjadala, sem er 12% af sölu, samanborið við 29,8 milljónir og 17% af sölu á sama tímabili 2008 og lækkar um 34%. Að undanskildum gengisáhrifum er lækkunin milli ára 26%.

Nettó fjármagnsgjöld fyrstu sex mánuði ársins námu 5,4 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 14,1 milljón dala árið 2008, og lækka um 62%. Gengisáhrif höfðu neikvæð áhrif sem nemur 700 þúsund dölum. Á fyrsta fjórðungi 2008 hafði styrking evru á móti Bandaríkjadal umtalsverð neikvæð áhrif. Gengisáhrifin eru einkum vegna evruhuta langtímalána félagsins. Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar voru á tímabilinu.

Hagnaður tímabilsins nam 11,1 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 10,6 milljónir Bandaríkjadala á sama tímabili 2008.

EBITDA nam 29,8 milljónum Bandaríkjadala og 19% af sölu, samanborið við 42,0 milljónir dala og 23% af sölu á sama tímabili í fyrra. EBITDA leiðrétt nam 31,5 milljónum dala og 20% af sölu, samanborið við 36,7 milljónir dala og 20% af sölu á fyrstu sex mánuðum ársins. Einskiptiskostnaður á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 nam 1,7 milljónum dala, þar á meðal starfslokagreiðslur. Einskiptistekjur á sama tímabili 2008 námu 5,5 milljónum dala vegna sölunnar á sáraumbúðavörulínu félagsins.

Möguleikar á tvískráningu kannaðir

Eins og áður hefur komið fram er félagið að athuga kosti tvöfaldrar skráningar. Stjórnendur félagsins eru að meta kosti tvískráningar, en engin ákvörðun hefur verið tekin. Helstu ástæður eru að auka viðskipti og eðlilega verðmyndun á bréfum félagsins sem og að treysta grunninn fyrir framtíðarvöxt þess.

Samþykkt árs hlutareiknings

Árs hlutareikningur fyrir annan ársfjórðung 2009, fyrir félagssamstæðu Össurar hf. var samþykktur á stjórnarfundi þann 27. júlí 2009. Árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards) og hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda.

Samkvæmt reikningsskilareglum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstartímabils. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í lok ársfjórðungsins.

Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri	sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri	sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill	sími: 515-1300

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða birtingu uppgjöra fyrir árið 2009:

Viðburður	Dagsetning
3. fjórðungur	27. október 2009
4. fjórðungur	4. febrúar 2010
Aðalfundur 2009	23. febrúar 2010

Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailings>

Ef ósamræmi er milli ensku og íslensku fréttarinnar, gildir enska útgáfan.